

10. nóvember 2014 kl: 19:30



Stjórnarfundur Foreldrafélags Giljaskóla

Mættir: Berglind Ása Pedersen, Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir og Sigríður Ásta Hauksdóttir.

Mál sem tekin voru til umræðu:

1. Forvarnir. Umræður um forvarnir af ýmsu tagi. Ákveðið að nemendur í 6. bekk fái fræðslu um ábyrga notkun á netinu sem fram fer á skólatíma. Einnig verður haldinn fræðslufundur fyrir foreldra, hann verður að kvöldlagi. Fræðslan mun sennilega fara fram seinnipartinn í janúar. Fræðslan er á vegum Heimilis og skóla og SAFT.
2. Seglar. Til stendur hjá SAMTAKA að láta útbúa segla með útivistarreglum. Munu þeir væntanlega hanga á ísskápnnum á hverju heimili hjá nemendum Giljaskóla.
3. Árshátíð. Umræður sköpuðust um árshátíðir í grunnskólum bæjarins. Umræða um þetta málefni fór fram á fundi SAMTAKA sem fulltrúar foreldrafélags Giljaskóla sóttu. Rætt var um kostnað við áshátíðirnar. Foreldrar hafa áhyggjur af því hvert kostnaður og tilstand árshátíða skólanna er að fara. Ella sagði frá hvernig árshátíðin í Giljaskóla fer fram og virðist sem hún sé innan ásættanlegra marka hvað þessa þætti varðar. Mikilvægt er að fulltrúar skóla bæjarins skapi umræðu um þessa þætti og að skólarnir taki sig saman og ákvarði einhverskonar sameiginleg viðmið hvað varðar kostnað og tilstand.
4. Skólaráðsfundur. Ella sagði frá því sem fram kom á síðasta skólaráðsfundi. Á þeim fundi var farið yfir starfsáætlun skólans. Það fór drjúgur tími í umræðu á Skólabúðunum að Reykjum. Rætt var um kostnað skólabúðanna og hvort peningunum sé vel varið í þessum skólabúðum. Ella fékk það verkefni að kanna hvort fleiri möguleikar væru í stöðunni hvað varðar skólabúðir nemenda í 7. bekk. Áframhaldandi umræða mun fara fram síðar hvað þetta varðar.
5. Fundur með bekkjarfulltrúum. Almenn ánægja virðist hafa verið með fundinn sem foreldrafélagið stóð fyrir með bekkjarfulltrúum skólans. Fulltrúar foreldrafélagsins eru einnig afar ánægðir með hvernig til tókst og munu halda þessu fyrirkomulagi áfram.
6. Símanotkun nemenda. Rætt um notkun snjallsíma í skólanum og vaxandi áhyggjur foreldra á aukinni notkun þessara tækja sem bitnar á félagslegum samskiptum nemenda. Umræður um hvort banna ætti alfarið notkun á þessum tækjum í skólanum eða ekki. Þetta málefni verður áfram til umræðu á næsta stjórnarfundum foreldrafélagsins.

Fundi slitið kl. 20:30.

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 13. janúar 2015 klukkan 19:30

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir